57 27. febr. — *Brjef* innanríkisstjórnarinnar *til landshöfðingja um* skaðabœtur fyrir að breytt var út af ferða-áætlun póstgufuskipsins Arktúrusar. — Í þóknanlegu brjefi frá 28. nóvbr. f. á hafið þjer, herra landshöfðingi, minnzt á skaðabótakröfur amtráðsins í norður- og austurumdœminu og kand. theol. Lárusar Halldórssonar fyrir tilkostnað nokkurn á Seyðisfirði, er varð til ónýtis vegna þess, að gufuskipið Arktúrus kom ekki við á firði þessum á 4. ferð sinni frá Íslandi í fyrra.

Út af þessu skal ekki látið hjálíða að tjá yður, að ráðgjafinn getur eigi talið póststjórnina skylda að greiða slíkar skaðabœtur; en vilji áminnzt amtsráð og kand. Lárus Halldórsson hefja málsókn og láta dóm ganga um skaðabótakröfuna, mun ráðgjafinn eigi mæla í móti því, að málin verði höfðuð gegn yfirstjórn póst- og telegrafs- málanna.

Að því er ráða má af því, sem stendur í brjefi yðar, hafið þjer viljað finna skaðabótakröfunni stoð í ummælum ráðgjafans í brjefi frá 1. nóvbr. f. á., og þykir ráðgjafanum því rjettast að bœta því við, að það er hvorttveggja, að hann hafði ekki ætlað sjer að láta í ljósi álit sitt um skaðabótamálið í það sinn, enda er að því er virðist eigi þann veg hagað orðum í áminnztu brjefi, að tilefni sje til að skilja þau á þá leið.

58 20. marz — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* prentun á Balslevs biblíusögum. — Í brjefi frá 2. þ. m. hafið þjer skýrt mjer frá, að með því að beiðni hafi komið frá prófasti um að fá sem allra fyrst 50 expl. af Balslevs biblíusögum, en hið síðasta upplag þessarar bókar reyndist þá vera uppgengið, hafið þjer samið við prentara Einar Þórðarson um að gefa út á sinn kostnað og fara þegar að prenta nýtt upplag af bók þessari, sem skyldi vera að stœrð 1400 expl. og seljast með sama verði og síðasta útgáfa hennar hefði verið seld, eða fyrir 50 aura hvert expl. óinnbundið. Hafið þjer, með því að forlagsrjetturinn til nefndrar bókar er eign landssjóðsins, beiðzt samþykkis míns til þessarar ráðstafanar, og getið þess, að prentarinn því að eins hafi verið fáanlegur til að selja bókina fyrir sama verð og áður, að ekkert þyrfti að greiða eiganda forlagsrjettarins fyrir útgáfu hennar. Enda ætlið þjer og, að útgáfa bókarinnar á kostnað landssjóðs hefði eigi haft neinn ágóða í för með sjer fyrir nefndan sjóð, nema því að eins að söluverð bókarinnar hefði verið hækkað.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg eptir málavöxtum samþykki það, sem þjer þannig hafið gjört.

59 20. marz — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* þóknun fyrir bókavörzlu við prestaskólann. — Með brjefi frá 2. þ. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer beiðni forstöðumanns prestaskólans um það, að umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni Árnasyni, verði veittar 40 kr. um árið í þóknun fyrir að hafa á hendi umsjón og útlán á bókum prestaskólans, á meðan þær hafi húsrúm í bókhlöðu hins lærða skóla, og að þessu gjaldi verði þetta ár ávísað honum af fje því, sem ætlað er til bókakaupa handa prestaskólanum, og hafið þjer mælt fram með, að þessi beiðni verði veitt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að ekki virðist vera heimild til að greiða slíka þóknun af fje því, sem beinum orðum er veitt til bókakaupa, samkv. 13. gr. B I b. 3. í fjárlögunum, og með því að laun þau, sem bera umsjónarmanninum við bókasafn hins lærða skóla, er bókasafn prestaskólans